

Nýsköpun & neytendur

Innovation & Consumers

Vinnsla, virðisaukning & eldi

Value Chain, Processing  
& Aquaculture

Mælingar & miðlun

Analysis & Consulting

Líftækni & lífefni

Biotechnology & Biomolecules

Öryggi, umhverfi & erfðir

Food Safety, Environment  
& Genetics



# Áhrif fiskpróteinmeltu á þroska þorsklirfa

**Hólmfríður Sveinsdóttir**  
**Jónína Jóhannsdóttir**  
**Rannveig Björnsdóttir**  
**Oddur Vilhelmsson**  
**Hugrún Lísa Heimisdóttir**  
**Patricia Hamaguchi**  
**Annabelle Vrac**  
**Gunnlaugur Sighvatsson**  
**Steinar Svavarsson**  
**Arnljótur Bjarki Bergsson**  
**Agnar Steinarsson**

**Líftækni og lífefni**

**Skýrsla Matís 18-12**  
**Maí 2012**

**ISSN 1670-7192**



## Áhrif fiskpróteinmeltu á þroska þorsklirfa

Hólmfríður Sveinsdóttir, Jónína Jóhannsdóttir, Rannveig  
Björnsdóttir, Oddur Vilhelmsson, Hugrún Lísa Heimisdóttir, Patricia  
Hamaguchi, Annabelle Vrac, Gunnlaugur Sighvatsson, Steinar  
Svavarsson, Arnljótur Bjarki Bergsson, Agnar Steinarsson



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN



Háskólinn  
á Akureyri



## Report summary

ISSN: 1670-7192

<i>Titill / Title</i>	<b>Áhrif fiskpróteinmeltu á þroska þorsklirfa / The effect of fish protein hydrolysate on the development of cod larvae</b>		
<i>Höfundar / Authors</i>	Hólmfríður Sveinsdóttir, Jónína Jóhannsdóttir, Rannveig Björnsdóttir, Oddur Vilhelmsson, Hugrún Lísa Heimisdóttir, Patricia Hamaguchi, Annabelle Vrac, Gunnlaugur Sighvatsson, Steinar Svavarsson, Arnþjótur Bjarki Bergsson, Agnar Steinarsson		
<i>Skýrsla / Report no.</i>	18-12	<i>Útgáfudagur / Date:</i>	Maí 2012
<i>Verknr. / project no.</i>	2009		
<i>Styrktaraðilar / funding:</i>	AVS		
<i>Ágrip á íslensku:</i>	<p>Eitt helsta vandamálið við eldi á þorski eru mikil afföll á fyrstu stigum þroskunar og gæði seiða. Markmið þessa verkefnis var að fá heilsteyptari mynd af áhrifum auðgunar fæðudýra með ufsapróteinmeltu á lífefnaferla í snemmbroska þorsk með því að beita myndgreiningaraðferðum og próteinmengjagreiningu. Niðurstöður benda til tölverðrar andoxunarvirkni ufsapróteinmeltu auk nokkurrar áhrifa á bólguvirkni. Afkoma lirfa í eldistilraun var frekar lág þó svo að vaxtarhraði væri alveg viðunandi og lítið væri um alvarlega útlitsgalla. Meðhöndlun með ufsapróteinmeltu reyndist ekki hafa áhrif á afkomu eða galla lirfa en vísbendingar voru um örvin á framleiðslu IgM og lysozyme í meltingarvegi og á yfirborði lirfa. Próteinmengjagreiningar sýndu að meðhöndlun hafði áhrif á tjáningu frumugrindapróteina, próteina sem taka þátt í streitu auk efnaskiptaensímsins ATP-synthasa. Niðurstöður benda til að notkun ufsapróteinmeltu geti bætt og jafnað gæði seiða ef gæði eggja er ábótavant en þegar notuð eru egg af góðum þá hafi meðhöndlun ekki áhrif.</p>		
<i>Lykilorð á íslensku:</i>	<i>Ufsapróteinmelta, próteinmengjagreining, ónæmisvefjafræði</i>		
<i>Summary in English:</i>	<p>High larval mortalities and anatomical deformities are among the major obstacles restricting the development of Atlantic cod aquaculture. The present project was aimed at studying the effects of a pollock hydrolysate supplementation during early developmental stages of cod on growth, development and survival. Furthermore, protein expression was evaluated as well as the distribution and intensities of selected parameters of the unspecific immune system. The hydrolysate was found to display antioxidant activity and can be regarded as a feed supplement to the live prey items. The survival from larvae to juvenile in the experiment was relatively poor, with satisfactory larval growth and low incidence of severe deformities. Offering hydrolysate enhanced live prey to larvae did not affect larval survival or development. Treatment resulted in stimulated IgM and lysozyme production. Proteome analysis showed that treatment with fish hydrolysates has an effect on the expression of structural, stress and metabolic proteins. Overall, the results indicate that fortification of the live prey with pollock hydrolysate can result in improved or more even larval quality following poor egg quality, however, with no effects if eggs are of better quality.</p>		
<i>English keywords:</i>	<i>Pollock protein hydrolysate, proteomics, immunohistochemistry</i>		

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	1
2.	Framkvæmd.....	3
2.1.	Framleiðsla á fiskpróteinmeltu.....	3
2.2.	Mælingar á næringarinnihaldi .....	3
2.3.	Tilraunir í þorskeldi.....	3
2.3.1.	Uppsetning tilrauna.....	3
2.4.	Próteinmengjagreining .....	4
2.4.1.	Útdráttur próteina úr meltingarvef.....	4
2.4.2.	Hleðsla próteinsýna á gelræmur .....	4
2.4.3.	Jafnhleðslustilling próteina í gelræmu (e. <i>Isoelectric focusing</i> ) .....	5
2.4.4.	Afoxun og alkalýsering próteina í gelræmu (e. <i>Equilibration</i> ) .....	5
2.4.5.	Tvívíður rafdráttur próteina (e. <i>Two dimensional electrophoresis, 2-DE</i> ) .....	5
2.4.6.	Litun próteina í geli.....	6
2.4.7.	Myndgreining tvívíðra gela.....	6
2.4.8.	Klipping depla úr tvívíðum gelum .....	6
2.4.9.	Kennigreining próteindepla.....	6
2.5.	Ónæmisvefjalitun .....	8
3.	Niðurstöður og umræður .....	10
3.1.	Næringarinnihald ufsapróteinmeltu.....	10
3.2.	Lífvirkni ufsapróteinmeltu .....	10
3.2.1.	<i>In-vitro</i> lífvirknimælingar – kemísk próf í tilraunaglösum.....	10
3.2.2.	<i>In-vitro</i> lífvirknimælingar í frumumódeli.....	10
3.2.3.	Ónæmisstýrandi (andbólgu-) áhrif .....	13
3.2.4.	Bakteríuhamlandi áhrif.....	15
3.3.	Afkoma og þroski lirfa.....	15
3.4.	Örvun valinna ónæmisþáttta .....	16
3.4.1.	IgM.....	16
3.4.2.	Lysozyme .....	18
3.5.	Próteinmengjagreiningar.....	19
3.5.1.	Myndgreining gela.....	19
3.5.2.	Kennigreining depla með massagreiningu .....	20
4.	Ályktanir .....	22
5.	Þakkarorð .....	23

6.	Heimildir .....	24
7.	Viðaukar.....	26
7.1.	Ágrip fyrir veggspjaldakynningu á WEFTA ráðstefnu í september 2011.....	27
7.2.	Ágrip fyrir veggspjaldakynningu á líffræðiráðstefnu í nóvember 2011.....	29
7.3.	Ágrip fyrir veggspjaldakynningu á þorskeldisráðstefnu í september 2011.....	30
7.4.	Ágrip fyrir veggspjaldakynningu á Aquaculture Europe í október 2010 .....	31
7.5.	Drög að meistararitgerð við Háskólan á Akureyri .....	33
	Abstract .....	34
	Útdráttur .....	35
7.6.	Bókarkaflí .....	36

## 1 Inngangur

Eitt helsta vandamálið við eldi á þorski og fleiri sjávarfiskum eru mikil afföll á fyrstu stigum þroskunar en einungis 10% þorskirlifa lifa af fram að þeim tíma sem unnt er að bólusetja seiðin [1]. Það er því mikilvægt að leita leiða til þess að auka afkomu og stuðla að bættum gæðum lirfa í eldi. Rannsóknir á sjávarfiskum hafa því beinst í auknum mæli að þessum fyrstu þroskastigum [2-4] en þrátt fyrir það eru ástæður mikilla affalla lítt þekktar. Afföll hafa m.a. verið tengd rangri fæðusamsetningu og óhagstæðum umhverfisþáttum sem hafa leitt til svelti, sýkinga og ýmiskonar vansköpunar [5]. Lirfur á þessu stigi hafa heldur ekki þroskað með sér sérhæfða ónæmissvörun og er ósérhæfða/meðfædda ónæmiskerfið því eina vörn lirfa gegn bakteríum og öðru áreiti í umhverfinu á þessum tíma.

Nýlegar rannsóknir sýna að vöxtur lirfa og seiða á fyrstu stigum eldisins skilar sér sem vaxtarforskot sem helst áfram út í megin vaxtarfasann [6]. Því er afar mikilvægt að finna út kjöreldisaðstæður á fyrstu þroskastigunum. Aukin þekking á mikilvægum lífefnaferlum í þroska er undirstaða þróunar á sérhæfðu fóðri sem og kjöreldisaðstæðum í lirfueldi sem skila mun heilbrigðari og lífvænlegri lirfum en það er lykilatriði við uppbyggingu arðbærs þorskeldis.

Vansköpun, t.d. kjaftskekkja og ýmiskonar beinagrindargallar eru meðal vandmála sem fylgja framleiðslu þorskseiða og er almennt álitið að þessir gallar hamli eðlilegum vexti seiðanna, auki afrán og stuðli almennt að auknum afföllum í eldinu [5]. Sýnt hefur verið fram á að fæðupættir á borð við próteinmeltu hafa jákvæð áhrif á þroskun ýmissa sjávarfisktegunda [7, 8]. Í þessu sambandi skiptir styrkur próteinmeltunnar miklu máli og gefur minni styrkur jafnan jákvæðari niðurstöður samanborið við háan styrk [7, 8]. Í verkefninu „Lífvirk efni við lirfueldi lúðu og þorsks“ kom í ljós að auðgun fæðudýra með ufsapróteinmeltu leiddi til færri gallaðra þorskirlifa. Þar fyrir utan sýndu vefjarannsóknir að meðhöndlæðar lirfur voru með mun þéttari vöðvavef og líffæri lirfanna voru að öllu leiti betur þroskuð samanborið við ómeðhöndlæðar lirfur auk þess sem meðhöndlun leiddi til örjunar framleiðslu lykilþátta í ósérhæfðri ónæmissvörun lirfanna (IgM og lysozyme) [9]. Markmið þessa verkefnis er að fá heilsteyptari mynd af áhrifum auðgunar fæðudýra með ufsapróteinmeltu á lífefnaferla í snemmbroska þorsks með því að beita myndgreiningaraðferðum og próteinmengjagreiningu. Með vefjalitun og myndgreiningu er hægt að skoða breytingar í vef sem verða við breytingu

umhverfisþátta og aukinn þroska. Hægt er að skoða stærð og úlit fruma og vefja, beinagrindargalla, örvun ónæmissvörunar o.fl.

Próteinmengjagreiningar gera mönnum kleift að fá yfirlit yfir óskylda lífefnaferla og rannsaka áhrif umhverfisþátta þar á. Flestar próteinmengjarannsóknir fela í sér samtímis aðskilnað hundruða og jafnvel þúsunda próteina í tvívíðum rafdrætti á pólýakrýlamíð geli. Til að kennigreina áhugaverð prótein eru deplar þeirra sneiddir út úr gelinu, meltir og peptíðin massagreind [10]. Peptíðmassarófið má síðan nota við leit kjarnsýruraða í gagnabönkum. Það er því ljóst að með því að beita próteinmengjaðferðum samhliða myndgreiningu og mótefnalitun einstakra vefja má fá heilsteypta mynd af áhrifum ufsapróteinmeltu á lífefnaferla í þroska þorsklirfa sem stuðla mun að markvissari þróun á sérhæfðu fóðri og kjöreldisaðstæðum í þorsklirfueldi. Aukinn vöxtur sem og bætt lifun og gæði við framleiðslu þorskseiða leiðir til aukins stöðugleika í framleiðslunni og stuðlar þannig að eflingu atvinnugreinar sem á undir högg að sækja í matvælaframleiðslu heimsins. Með fínstillingu á framleiðsluaðferðum próteinmeltu og rannsóknum á samsetningu og lífvirkni mismunandi próteinhluta hennar má reikna með að hægt sé að auka lifun þorskseiða talsvert meir og hægt sé að setja á markað vöru með mjög eftirsóttu eiginleika fyrir fiskeldisiðnaðinn. Þetta yrði eðlilegt næsta skref í framleiðslu og markaðssetningu afurða frá Iceprótein ehf. til notkunar í fiskeldi.

Um er að ræða rannsóknatengt meistaraverkefni við Háskólanum á Akureyri sem unnið er í samstarfi við Iceprótein ehf., Matís og Hafrannsóknastofnunina.

## **2. Framkvæmd**

### **2.1. Framleiðsla á fiskpróteinmeltu**

Ufsi (*Pollachius virens*) var fenginn frá Fisk Seafood hf. og færður yfir í Iceprotein ehf. þar sem framleiðsla á próteinmeltu fór fram. Prótein voru einangruð úr fiskflakinu með s.k. pH-shift aðferð og vatnsrofin með iðnaðarensímunum Alcalase® og Protamex® (Novozyme A/S, Bagsvaerd, Denmark). Ensímin voru notuð í hlutföllunum 1:1 og 4% af próteinblöndunni. Próteinmeltan var úðaþurrkuð, pökkuð og geymd við - 80 °C fram að greiningu og notkun í fiskeldistilraunir.

### **2.2. Mælingar á næringarinnihaldi**

Próteininnihald var ákvarðað út frá Kjeldahl-aðferð (ISO 2005) og margföldun á magni köfnunarefnis með 6.25. Vatnsmæling var gerð með því að þurrka sýni í ofni við 103°C ± 2°C í 4 klst. Hlutfall raka samsvarar þyngdartaþinu (ISO 1999). Aska var mæld með því að hita sýni við 550°C í 3 klst og vigta leifarnar (ISO 2002).

Mæliskekkja reiknast sem 3% af mæligildi próteins og 10% af mæligildi ösku.

### **2.3. Tilraunir í þorskeldi**

Í tengslum við verkefnið hefur verið framkvæmd ein tilrauna í eldi þorsklirfa (maí – apríl 2011) í því markmiði að kanna áhrif ufsapróteinmeltu á afkomu og þroska þorsklirfa auk áhrifa á próteintjáningu og ónæmissvörum. Tilraunin var framkvæmd á tilraunastöð Hafrannsóknastofunnar að Stað við Grindavík og fyrirkomulag tilrauna og sýnataka var skipulagt í samstarfi við sérfræðinga Hafró sem sáu alfarið um framkvæmd og sýnatökur á meðan tilraunir stóðu yfir, auk þess sem þeir lögðu mat á afkomu og gæði lirfa við lok tilraunar.

#### **2.3.1. Uppsetning tilrauna**

Við skipulagningu tilraunar var tekið mið af fyrri tilraunum með ufsapróteinmeltu sem framkvæmdar hafa verið af samstarfsaðilum og gefið hafa lofandi niðurstöður. Lirfur voru meðhöndlæðar með ufsapróteinmeltu í gegnum fóðurdýr (hjóldýr og *Artemia*) þar sem fóðurdýr voru meðhöndluð með þeim styrkleika sem gaf bestar niðurstöður í fyrri tilraunum

(100 ppm). Fóðurdýr voru þá auðguð með hefðbundnum hætti og síðan látin nærist á ufsapróteinmeltu ( $0.1 \text{ g L}^{-1}$  bætt við rækt hjóldýra í þéttleika 1 milljón dýr  $\text{L}^{-1}$  og  $0.1 \text{ g L}^{-1}$  bætt við rækt *Artemiu* í þéttleikanum 500,000 dýr  $\text{L}^{-1}$ ) í 30 mín áður en lirfur voru fóðraðar með dýrunum. Prótein-bæting fóðurdýra var framkvæmd á morgnana og helmingur gefið í fyrstu gjöf dagsins (kl. 9:00) en helmingur geymdur við 10°C fyrir seinni gjöf (kl. 16:00).

Tilraunin var framkvæmd í fjórum 3.200 L framleiðslukerum þar sem komið var fyrir 200.000 - 300.000 kviðpokalirfum í hvert ker. Lirfur í tveimur kerum voru af villtum uppruna en 3. kynslóðar eldislirfur í hinum tveimur. Fóðrað var með próteinmeltu-bættum fóðurdýrum í tveimur kerum sem innihéldu annarsvegar lirfur af villtum uppruna eða af eldisuppruna og lirfur af sama uppruna fóðraðar með hefðbundnum fóðurdýrum til samanburðar. Lirfur voru fóðraðar með próteinmeltu-bættum fóðurdýrum á manudögum, miðvikudögum og föstudögum á tímabilinu 2-42 dögum eftir klak (dph). Önnur meðhöndlun við eldi lirfanna var samkvæmt hefðbundnum aðferðum Hafrannsóknastofnunar.

Við lok tilraunar (42 dph) voru lirfur vigtaðar og lengdarmældar auk þess sem lagt var mat á gæði lirfa (hnakkagallar og aðrir gallar) og afkoma reiknuð. Sýnum til rannsókna á próteintjáningu og til ónæmisrannsókna var einnig safnað við lok tilraunar. Nánari lýsing á framkvæmd tilraunar og vinnslu sýna er að finna í meistararitgerð nemanda (áætluð námslok júní 2012).

## 2.4. Próteinmengjagreining

### 2.4.1. Útdráttur próteina úr meltingarvef

Meltingarvegur var fjarlægður úr lirfunum og jafnaður út í frumurofsdúa (e. *lysis buffer*; 7 M urea, 2 M thiourea, 4% w/v CHAPS, 40 mM DTT, 1% w/v 4–7 IPG buffer frá GE Healthcare, 1% v/v *protease inhibitor cocktail* frá Sigma) í hlutfallinu vefur:dúi, 1:9. Í framhaldinu var lausnin sett í skilvindun við 14000 rpm í 10 mín og flotið hirt (próteinlausn). Flotið var fryst við -80 °C þar til próteinmengjagreiningar fóru fram.

### 2.4.2. Hleðsla próteinsýna á gelræmur

Próteinlausn (16 µL) var blandað saman við bólgnunardúa (134 µL) (e. *rehydration buffer*; 7 M urea, 2 M thiourea, 2% w/v CHAPS, 40 mM DTT, 1% v/v 4–7 IPG buffer frá GE Healthcare,

1% v/v protease inhibitor cocktail fráSigma, 5 µL bromophenol blue). Sýni í bólgnunardúa (140 µL) var hlaðið í raufar á sérstökum bökkum og gelræmum (ZOOM strip 4-7,cat# ZM0012 Invitrogen, Carlsbad, CA) lagðar ofan í raufina með gelhliðina niður og látið bíða þannig við herbergishita yfir nótt í lokuðu boxi (IPG box, GE Healthcare). Gæta þurfti að lausnin myndi dragast jafnt upp á gelræmurnar.

#### 2.4.3. Jafnhleðslustilling próteina í gelræmu (e. *Isoelectric focusing*)

Jafnhleðslustillingin var framkvæmd í *Ettan IPG phor 3* frá GeHealthcare í eftirfarandi þrepum með aflíðandi spennubreytingu milli þrepa. Spennubreyting jafnhleðslustillingarinnar var framkvæmd við 300 V og 200Vh, 1000 V og 300 Vh, 5000 V og 4500 Vh og 5000 V og 2000 Vh. Um það bil þrjá klukkutíma tók að jafnhleðslustilla gelræmurnar. Af því loknu voru gelræmur settar í 15 mL skilvinduglös og geymd við -20°C þar til afoxun og alkalýsering próteina fór fram.

#### 2.4.4. Afoxun og alkalýsering próteina í gelræmu (e. *Equilibration*)

Gelræmurnar voru settar beint úr frysti í afoxunarlausn sem innihélt DTT (e. *Dithiothreitol*) sem afoxar súlfíðtengi próteinanna. Því næst voru próteinin alkalýsert í lausn með joðacetamíð sem endanlega kemur í veg fyrir að tvísúlfíðtengi myndist og binst einnig við umfram magn DTT.

#### 2.4.5. Tvívíður rafdráttur próteina (e. *Two dimensional electrophoresis, 2-DE*)

Við tvívíðan rafdrátt voru notuð tilbúin gel (*NuPAGE®Novex 4-12% Bis-Tris ZOOM®Gels*) (mynd 16) sem komið var fyrir í *XCell Sure Lock™* frá *Invitrogen*. Tilgangurinn með tvívíðum rafdrætti er að aðgreina prótein á rafdráttargeli eftir mólmassa (e. *MW*). Keyrsludúi er gerður úr. Tvöhundruð mL af þessari lausn voru teknir frá og bætt í þá 500 µL af andoxunarefni frá *Invitrogen* og blandað vel. Þessi lausn fer á milli gelplatnanna í keyrslunni en afgangurinn af keyrsludúanum fer utan með gelplötunum.

Við framkvæmd seinni víddarinnar (rafdráttur) voru notuð tilbúin gel (*NuPAGE®Novex 4-12% Bis-Tris ZOOM®Gels*) sem komið var fyrir í *XCell Sure Lock™* frá *Invitrogen*. Gelræmunum ásamt staðli með prótein af þekktum mólmassa (3,5, 10, 15, 20, 30, 40, 50, 60, 80, 110, 160 og 260 kDa) var komið fyrir efst á gelunum. Agarósi (0,5%) var settur ofan á gelræmurnar til

þess að halda þeim betur á staðnum. Gelin ásamt keysludúa (40 mL af tilbúnum 25X MES dúa frá *Invitrogen* og 760 mL af eimuðu vatni) var komið fyrir í *XCell Sure Lock™*. Gelin voru keyrð við 200 V í u.b.b. klukkutíma. Alls voru keyrð 12 gel, 3 fyrir hvern hóp.

#### 2.4.6. Litun próteina í geli

Eftir rafdráttinn voru gelin skoluð með eimuðu vatni til að skola SDS af gelunum. Próteinin í gelunum voru lituð með *SimplyBlue™ SafeStain* frá *Invitrogen* samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðenda fyrir örbylgjuofna aðferð. Gelin voru geymd í eimuðu vatni yfir nótt til að losna við umfram lit. Til að losna enn frekar við umfram lit var pappírssnepill settur út í vatnið til að draga í sig litinn.

#### 2.4.7. Myndgreining tvívíðra gela

Deplarnir á gelunum voru myndgreindir með myndgreiningarforritinu *Image Master™ 2D Platinum Software* frá Amersham Biosciences. Gelin voru skönnuð í *Epson perfection V750PRO* skanna og hlaðið inn í tölvu. Skannað var í 800 dpi upplausn sem tiff skrá. Notast var við innbyggða verkferla í forritinu við greiningu myndanna.

#### 2.4.8. Klipping depla úr tvívíðum gelum

Þeir deplar sem valdir voru til þess að klippa út úr geli eftir myndgreiningu voru skilgreindir sem prótein sem sýndu breytingar í tjáningu eftir mismundandi meðhöndlun eða uppruna lirfanna.

Deplarnir voru skornir út úr geli sem sérstaklega voru gerð til að klippa depla út úr þeim. Deplarnir voru klipptir út með skurðhníf (e. *scalpel*) og settir í 0,5 ml eppendorf glas með 120 µl af MilliQ vatni. Geldeplarnir voru sendir á ís til próteinmengjareiningardeilda háskólans í Aberdeen í Skotlandi til kennigreiningar.

#### 2.4.9. Kennigreining próteindepla

Kennigreining fór fram við próteinmengjareiningardeild háskólans í Aberdeen. Trypsín var notað til að brjóta próteindepla niður í peptíð sem síðan voru greind með LC-MS/MS massagreiningu. Sýnunum var fyrst breytt í jónir og þær skannaðar m.t.t. massa og hleðslu (*m/z*). Á þennan hátt er hægt að bera kennsl á peptíðin og þ.a.l. próteinin í sýnинu [21].

Niðurstöður um hvaða amínósýrur væri að ræða fengust á mgf skráarformi. Niðurstöðurnar voru notaðar við leit í NCBI nr og SwissProt gagnabönkunum með hjálp Mascot leitarvélarinnar ([http://www.matrixscience.com/search\\_form\\_select.html](http://www.matrixscience.com/search_form_select.html)) þar sem valið var *MS/MS Ion Search*. Forsendurnar sem notaðar voru til þess að fá leitarniðurstöður voru:

Ensím: Trypsín, Ættbogi (*Taxonomy*): Geisluggi (e. *Actinopterygii*), Peptíð frávik (*Peptid tol*): +/- 1,2 Da, #<sup>13</sup>C: 0, MS/MS tol +/-: 0,6, Peptíð hleðsla (*Peptid charge*): 2<sup>+</sup> og 3<sup>+</sup>, fastar breytingar (*Fixed modification*): Carbamidamethyl (C) og breytilegar breytingar (*Variable modification*): Oxidation (M).

**Tafla 1.** Yfirlit yfir stofna þekktra sýkingarvaldandi baktería í fiski sem notaðir voru sem prófstofnar við rannsókn bakteríuhamlandi áhrifa ufsapróteinmeltu.

Ufsapróteinmelta framleidd 2011	Ufsapróteinmelta framleidd 2009
Nafn bakteríustofna	Nafn bakteríustofna
<i>Yersinia ruckeri</i>	<i>Vibrio fluvialis</i>
<i>Yersinia ruckeri</i>	<i>Vibrio anguillarum O2 alpha</i>
<i>Aeromonas hydrophila</i>	<i>Vibrio anguillarum O2 beta</i>
<i>Aeromonas bestiarium</i>	<i>Aeromonas salmonicida</i> subsp. <i>salmonicida</i>
<i>Aeromonas salmonicida</i> subsp. <i>salmonicida</i>	
<i>Aeromonas salmonicida</i> subsp. <i>achromogenes</i>	
<i>Moritella viscosa</i>	
<i>Moritella viscosa</i>	
<i>Aliivibrio logei</i>	
<i>Aliivibrio wodanis</i>	
<i>Vibrio anguillarum O2 alpha</i>	
<i>Vibrio anguillarum O2 beta</i>	
<i>Vibrio splendidus</i>	
<i>Vibrio pelagius</i>	

Við rannsóknir á bakteríuhamlandi áhrifum var notast við hefðbundna dropaaðferð [19] og holu-agars aðferð sem þróuð var af nemanda í rannsóknatengdu BS námi í Líftækni við Háskólann á Akureyri í samstarfi við sérfræðinga Matís [20]. Bakteríur voru ræktaðar í fljótandi Tryptic Soy Broth (TSB) leyst í 70% sjóvatni (TSB/SW) og 10µl af þeiri rækt síðan sáð á Tryptic Soy Agar (TSA) leyst í 70% sjóvatni (TSA/SW) næringar-agar og ræktað við 15°C eftir

að ufsapróteinmeltu í mismunandi styrkleika (0,1g/100ml, 0,01g/100ml og 0,001g/100ml) hafði verið komið fyrir á yfirborði skálanna (10 µl) eða í holum á yfirborði agarskálanna (40µ/holu). Eftir 6 daga í rækt voru skálar rannsakaðar m.t.t. vaxtarhamlandi áhrifa efnisins sem komu fram sem eyða í bakteríuvexti umhverfis dropann eða holur.

## 2.5. Ónæmisvefjalitun

Ónæmisörvandi áhrif ufsapróteinmeltu voru rannsökuð í efnivið sem safnað var í þessu verkefni en einnig frá tilraun í öðru verkefni (sýni úr verkefninu „TOPCOD, OPTILAR / Lengi býr að fyrstu gerð. Kjöreldisferlar í lirfu- og seiðaeldi á þorski“ styrkt af Tækniþróunarsjóði og AVS sjónum 2009-2011) þar sem lirfur voru meðhöndlalaðar á sama hátt auk þess sem niðurstöður voru mjög góðar varðandi áhrif próteinmeltu á þroska og afkomu lirfa.

Sýnataka af lirfum var framkvæmd á sama þroskastigi í báðum tilraunum (42 dögum eftir klak). Lirfur voru sneiddar í frystiskera og 9 µm þykkum sneiðum sem teknar voru frá augum aftur að sporði lirfa safnað á sýnagler og þau fryst við -80°C þar til mótefnalitun fór fram. Örvun ósérhæfðar ónæmissvörunar var rannsökuð með tilliti til tveggja mismunandi þátta, IgM og lysozyme, en þeir þættir eru mjög mikilvægir í ósérhæfðu ónæmissvari. Notuð var mótefnalitun þar sem notuð voru sérhæfð mótefni framleidd í kanínu og sem fengin voru að gjöf frá Dr. Merete Bjørgan Schröder, Norwegian College of Fishery Science og Dr. Bergljót Magnadóttur, meinafræðideild Háskóla Íslands að Keldum.

Smásjárgler með vefjasneiðum voru tekin úr frysti, þeim leyft að ná herbergishita og síðan látin liggja í 3% H<sub>2</sub>O<sub>2</sub> til þess að hindra innan-peroxídasa virkni í sýnunum. Sneiðar voru settar í hindrunarlausn (blocking solution) og síðan lausnum með fyrsta stigs mótefnum (gegn IgM eða lysozyme) sem þynnt voru í PBS með 0,2% geitasermi. Sýni voru því næst látin liggja í annars stigs mótefnalausn (Horse Raddish Peroxidase, HRP, merkt mótefni) sem þynnt voru í PBS með 0,2% geitasermi. Að lokum var merki framkallað með Na-acetat substrat dúa og AEC-lausn og bakgrunnslitað með hematoxylin lit. Á milli hverra skrefa í litunarferlinu var skolað vel með 10xPBS/Tween20 (Phosphate Buffered Saline með 0,05% Tween 20) og ný lausn notuð í hvert skipti. Glerjum var síðan leyft að þorna áður en þekjugler var fest yfir sneiðarnar með Clarion Mounting Medium (Sigma C0487) og leyft að þorna í 24 klst. fyrir

skoðun undir smásjá. Sem viðmiðun um sérhæfni mótefna voru ávallt notuð gler með sýnum þar sem fyrsta stigs mótefnum var sleppt við litun.

Mótefnasvörun var rannsökuð með því að skoða sýnin í Leica DMRA2 smásjá með 50-400x stækkun. Jákvæð svörun í mismunandi líffærum kemur fram sem rauður/rauðbrúnn litur en kjarni frumanna litast blár/fjólublár. Myndir af sneiðum voru teknar í gegnum smásjána með Leica DC300F stafrænni myndavél og vistað í gagnagrunni í tölvu og samanburður gerður á meðhöndlum lirfum og sama stað í lirfum sem fengið höfðu hefðbundna meðhöndlun á eldistímanum.

Við skoðun mynda má greina viðveru IgM og lysozyme á mismunandi stöðum í lirfunum sem rauður/rauðbrúnn litur en hins vegar er ekki hægt með þessum aðferðum að magngreina framleiðslu þessara þátta og því er samanburður lirfa gerður einungis út frá sjónrænum samanburði.

### 3. Niðurstöður og umræður

#### 3.1. Næringerinnihald ufsapróteinmeltu

Næringerinnihald úðaþurrkaðrar ufsapróteinmeltu sem hlutfall af þurrefni var eftirfarnandi: hlutfall próteins var 76,1%, aska (steinefni) 12,3% og salt 6,7%. Þurrefnainnihald var 92,46%.

#### 3.2. Lífvirkni ufsapróteinmeltu

##### 3.2.1. *In-vitro* lífvirknimælingar – kemísk próf í tilraunaglösum

Niðurstöður lífvirknimælinga framkvæmdar í tilraunaglösum á próteinmeltunni má sjá í töflu 2. Öll gildin úr kemísku prófunum eru í hærri kantinum miðað við fyrri rannsóknir okkar á ufsapróteinmeltu [22]. Ástæðan gæti m.a. verið sú að sýnin voru framleidd hjá Iceprótein ehf. í Verinu þar sem rannsóknastofa Matís er einnig staðsett og því voru sýnin mjög fersk þegar lífvirknin var mæld.

Tafla 2. Niðurstöður lífvirknimælinga á ufsapróteinmeltu í tilraunaglösum.


	ORAC <sup>1</sup> (µmol TE/g)	DPPH (%)	Fe <sup>2+</sup> járnbindi-hæfni (%)	RP <sup>2</sup> (ASE mg/g)
Ufsapróteinmelta	1415,3 ± 25,9	58,5 ± 1,8	58,7 ± 1,9	18,2 ± 0,4

<sup>1</sup>ORAC: Oxygen Radical Absorbance Capacity (µmól Trolox jafngildi/g útdráttur)

<sup>2</sup>RP: Afoxandi virkni (reducing power) (askorbinsýrujafngildi (ASE)/g útdráttur)


##### 3.2.2. *In-vitro* lífvirknimælingar í frumumódeli

Áður en lífvirknimælingar í frumumódeli voru framkvæmdar voru áhrif mismunandi styrks á frumulifun metin þar sem mikilvægt var talið að styrkur próteinmeltu hefði ekki áhrif á lifun og heilbrigði frumnanna. Styrkur ufsapróteinmeltu á bilinu 0,5 – 0,01 mg/mL mg/mL hafði engin áhrif á frumulifun og var því talið óhætt að vinna með þessa styrkleika (Mynd 1).



**Mynd 1.** Frumulifun HepG2 frumna eftir 48 klst meðhöndlun með mismunandi styrk (0,01-0,5 mg/mL prótein) ufsapróteinmeltu Myndin sýnir meðaltal ± staðalfrávik, n=4.


Niðurstöður úr andoxunarvirknimælingum í frumumódeli fyrir ufsapróteinmeltuna í þremur styrkleikum eru sýndar á Mynd 2. Eins og sjá má er andoxunarvirkni einungis mæld í sýni sem inniheldur 0,5 mg prótein/mL. Sýni sem innihéldu lægri styrk sýndu enga andoxunarvirkni. Þessi gildi eru nokkuð lægri en þau gildi sem við höfum verið að mæla í sama styrkleika af fiskpróteinmeltu [22].




Mynd 2. DCF flúorljómandi styrkur í HepG2 frumum meðhöndluðum með mismunandi styrk (0,1-0,5 mg/mL prótein) af ufsapróteinmeltu. Myndin sýnir meðaltal, n=4.

### 3.2.3. Ónæmisstýrandi (andbólgu-) áhrif


Bólguaukandi og bólguhemjandi áhrif efnanna voru metin með því að mæla seytun boðefnanna IL-12 og IL-10. Stundum eru heildaráhrifin metin með því reikna út hlutfall af seytun þessara tveggja boðefna. Angafrumur sem voru ræktaðar með ufsapróteinmeltu seyta mun minna magni af IL-10 en angafrumur ræktaðar án ufsapróteinmeltu (mynd 3a). Angafrumur ræktaðar með ufsapróteinmeltu seyta minna magni af IL-12p40 en angafrumur ræktaðar án ufsapróteinmeltu (mynd 3b) sem leiðir til þess að hlutfallsstuðullinn verður um einn (mynd 3c).



Mynd 3a. IL-10 boðefnaseytun angafrumna ræktaðra með og án ufsapróteinmeltu.



**Mynd 3b. IL-12p40 boðefnaseytun angafrumna ræktaðra með og án ufsapróteinmeltu.**



**Mynd 3c. Boðefnaseytun angafrumna ræktaðra með og án ufsapróteinmeltu.**

Niðurstöðurnar benda til þess að í ufsapróteinmeltu séu efni sem hafi áhrif á boðefnaseytun angafrumna þar sem IL-10 (bólguðboðefni) sem og IL-12p40 (andbólguðboðefni) seytun lækkaði. Hlutfallsseytunin var því einn sem þýðir að heilt á lítið hafði próteinmeltan engin nettó andbólguáhrif.

### 3.2.4. Bakteríuhamlandi áhrif

Niðurstöður benda ekki til þess að ufsapróteinmelta búi yfir vaxtarhamlandi áhrifum á þær bakteríutegundir sem rannsakaðar voru. Eftir að bakteríur höfðu verið ræktaðar í viku þá voru skálar skoðaðar og var þá kominn góður vöxtur baktería sem þakti skálarnar og engin eyða sjáanleg kringum dropa eða holur þar sem ufsapróteinmeltu hafði verið komið fyrir í mismunandi styrkleika. Sömu niðurstöður fengust með báðum ufsapróteinmeltu afurðunum sem rannsakaðar voru og eru niðurstöður í samræmi við fyrri rannsóknir á bakteríuhamlandi eiginleikum annarra fiskpeptíðafurða (Matís skýrsla 38-08).

### 3.3. Afkoma og þroski lirfa

Tafla 3 sýnir yfirlit yfir niðurstöður eldistilraunar.

**Tafla 3. Niðurstöður eldistilraunar.** Afkoma er metin með talningu lirfa á tveimur tímapunktum, 50 og 100 dögum eftir klak (dph). Þyngd lirfa er metin á mismunandi tímapunktum og gefið upp sem burrvigt (dw) eða blautvigt (ww). Gallar eru metnir 148 dögum eftir klak og gefnir upp sem hlutfall lirfa sem er hent vegna ýmissa alvarlegra byggingargalla.

Uppruni þorsklirfa	Villtur		Eldis	
Meðhöndlun	Auðguð fóðurdýr	Control	Auðguð fóðurdýr	Control
Afkoma (50dph) %	6,5%	7,5%	14%	24%
Afkoma (100dph) %	5,6%	6,3%	5,8%	8,1%
Þyngd (dw) 44 dph (mg)	10,4	9,7	8,9	7,7
Þyngd (ww) 75 dph (g)	0,61	0,59	0,54	0,52
Þyngd (ww) 148 dph (g)	11,8	12,3	10,7	11,8
Gallar % (148 dph)	1,6%	0,4%	7,0%	3,6%

Afkoma lirfa var frekar lág bæði meðal lirfa frá villtum þorski og eldisþorski. Vaxtarhraði lirfanna var alveg viðunandi en lægri hjá lirfum frá eldisþorski sem rekja má til minni stærð eggja. Afkoma lirfa frá eldisþorski var ágæt í byrjun en svo kom upp bakteríusýking sem olli töluverðum dauða rúmlega 50 dögum eftir klak og afkoma var einungis 5,8-8,1%. Ekki greindist mikið af alvarlegum útlitsgöllum í lirfum 148 dögum eftir klak, samanborið við það sem venjulega sést í seiðaeldi hjá Hafrannsóknastofnun. Hlutfall útlitsgalla var mun hærra hjá lirfum af eldisuppruna og er það talið geta orsakast af bakteríusýkingu sem upp kom og sem

olli miklum afföllum. Hlutfall útlitsgallaðra lirfa var heldur hærri í hópi lirfa sem fengið höfðu próteinbætt fóðurdýr samanborið við viðmiðunarhóp en hins vegar benda niðurstöður til þess að meðhöndlun með ufsapróteinmeltu hafi ekki áhrif á afkomu eða galla lirfa.


### 3.4. Örvun valinna ónæmisþátta


Ónæmisörvandi áhrif ufsapróteinmeltu voru rannsökuð í efnivið sem safnað var í þessu verkefni (tilraun 2) en einnig í TOPCOD, OPTILAR (tilraun 1). Framleiðsla og dreifing IgM og lysozyme var rannsakað með vefjalitun þar sem notuð voru sérhæfð mótefni. Vefjasneiðum (þverskornar lirfur) var safnað frá augum að sporði lirfanna.

#### 3.4.1. IgM

Niðurstöður sýna að IgM er til staðar í bæði meðhöndlum og ómeðhöndlum lirfum 42 dögum eftir klak. IgM var mest í meltingarvegi lirfa en einnig á yfirborði og við hryggstreng. IgM svörun var almennt mun sterkari í lirfum sem fengið höfðu ufsaprótein-bætt fóðurdýr. IgM svörun var auk þess mun jafnari í lirfum sem fengið höfðu ufsaprótein-bætt fóðurdýr samanborið við viðmiðunarhópinn þar sem mikill munur var í svörun á milli einstakra lirfa, lítil sem engin svörun í sumum á meðan mikil svörun var í öðrum


Niðurstöður sýna að vefur í hryggstreng meðhöndlaðra lirfa var mun þéttari og greinilegri en vefur ómeðhöndlaðra lirfa auk þess sem meiri IgM svörun kom fram innan í hryggstreng meðhöndlaðra samanborið við ómeðhöndlaðra lirfa (mynd 4).





Mynd 4: IgM mótefnalitun í meðhöndluluðum (A) og ómeðhöndluluðum (B) lirfum úr tilraun 1 og 2 (400x stækkun). Neikvætt viðmið þar sem fyrsta stigs mótefnum var sleppt er einnig sýnt í sömu stækkun (C). Örvar benda á jákvæða svörun í hryggstreng.

Ekki reyndist vera munur á IgM svörun á yfirborði lirfa í mismunandi meðhöndlunarhópum (niðurstöður ekki sýndar). Í meltingarvegi kom fram afar sterk og jöfn IgM svörun í meðhöndluluðum lirfum, hins vegar sást mjög lítil eða jafnvel engin IgM svörun í ómeðhöndluluðum lirfum í báðum tilraunum (Myndir 5).



Mynd 5: IgM mótefnalitun í meðhöndluluðum (A) og ómeðhöndluluðum (B) lirfum úr tilraun 1 og 2 (400x stækkun). Neikvætt viðmið þar sem fyrsta stigs mótefnum var sleppt er einnig sýnt í sömu stækkun (C). Örvar benda á jákvæða svörun í meltingarvegi. Sýndar eru myndar af lirfum af villtum uppruna úr tilraun 2.


Við samanburð á milli villtra- og eldislirfa kom í ljós að IgM svörun í meltingarvegi er sterkari í eldislirfum samanborið við villtar lirfur (niðurstöður ekki sýndar).

### 3.4.2. Lysozyme

Niðurstöður sýna lysozyme svörun í lirfum 42 dögum eftir klak. Svörunin var mest í meltingarvegi lirfa en einnig á yfirborði og við hryggstreng.

Svörun gegn lysozyme var almennt mun sterkari í meðhöndluðum lirfum samanborið við í ómeðhöndluðum auk þess sem svörunin í meðhöndluðu lirfunum var mun jafnari í samanburði við ómeðhöndlædar.

Ekki reyndist vera munur á svörun lysozyme við hryggstreng lirfa. Vefur á yfirborði meðhöndlædra lirfa reyndist hinsvegar mun þéttari og greinilegri en vefur ómeðhöndlædra lirfa auk þess sem svörun lysozyme var þar meiri hjá lirfum sem fengið höfðu fóðurdýr með ufsapróteinmeltu (Mynd 6).




Mynd 6: Lysósím mótefnalitun í meðhöndluðum (A) og ómeðhöndluðum (B) lirfum úr tilraun 1 og 2 (400x stækkun). Neikvætt viðmið þar sem fyrsta stigs mótefnum var sleppt er einnig sýnt í sömu stækkun (C). Örvar benda á jákvæða svörun á yfirborði lirfa.

Lysozyme svörun var mjög sterk í meltingarvegi lirfa sem fengið höfðu ufsabætt fóðurdýr (Myndir 7 og 8). Ekki var mikill munur á svörun á milli einstakra lirfa eða á milli eldis- og

villtra lirfa í meðhöndluðum hópi en í ómeðhöndluðum lirfum var lysozyme svörun mjög missterk.



Mynd 7: Lysosim mótefnalitun í meðhöndluðum (A) og ómeðhöndluðum (B) eldis lirfum úr tilraun 2 (400x stækkun). Neikvætt viðmið þar sem fyrsta stigs mótefnum var sleppt er einnig sýnt (C, 200x stækkun). Örvar benda á jákvæða svörun í meltingarvegi.



Mynd 8: Lysosim mótefnalitun í meðhöndluðum (A) og ómeðhöndluðum (B) villtum lirfum úr tilraun 2 (400x stækkun). Neikvætt viðmið þar sem fyrsta stigs mótefnum var sleppt er einnig sýnt í sömu stækkun (C). Örvar benda á jákvæða svörun í meltingarvegi.


Almennt reyndist aukin lysozyme svörun í meltingarvegi og á yfirborði lirfa sem fengið höfðu fóðurdýr með ufsapróteinmeltu. Ekki reyndist vera munur á lysozyme svörun á milli eldislirfa eða lirfa af villtum uppruna þó svo vefur á yfirborði eldislirfa væri mun þéttari og greinilegri en vefur á yfirborði villtra lirfa.

### 3.5. Próteinmengjagreiningar

#### 3.5.1. Myndgreining gela

Mynd 9 sýnir samanburðargel af meltingarvegspróteinum. Fjöldi depla á gelum var á bilinu 75 -218. Eftir nánari skoðun í myndgreiningarforriti fór fjöldinn niður í 73 – 171 á þeim 12

